

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

366. fundur.

Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins miðvikudaginn 21.09.2016, kl.07:30.

Mættir:

Bjarni Torfi Álfþórsson, Halldór Auðar Svansson, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Guðmundur Geirdal, Sigurður Guðmundsson og Rósa Guðbjartsdóttir. Sturla Þorsteinsson boðaði forföll. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar og Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Rekstraráætlun 2017 - 2021.

Framkvæmdastjóri kynnir greinargerð um forsendur rekstraráætlunar og drög að rekstraráætlun fyrir tímabilið 2017 – 2021.

2. Erindi Vestmanneyjabæjar

Lagt fram bréf Vestmanneyjabæjar dagsett 6. september 2016 þar sem óskað er eftir því að SORPA taki við úrgangi til urðunar til 1. september 2019. Jafnframt greina framkvæmdastjóri og yfirverkfræðingur frá fundi sem þeir áttu með bréfitara um málefnið. Málið rætt. Stjórn samþykkir erindið og felur framkvæmdastjóra að eiga frekari viðræður við Vestmanneyjabæ um framtíðar fyrirkomulag.

3. Erindisbréf Innri endurskoðunar

Lagt fram og kynnt drög að erindisbréfi vegna innri endurskoðunar. Drögin rædd. Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti.

4. Opnun tilboða í gerð reinar 20 í Álfsnesi

Þriðjudaginn 20. september kl. 11:00 voru opnuð tilboð í gerð næstu reinar í Álfsnesi. Alls bárust 8 tilboð þar af tvö frávikstilboð. Eftirfarandi tilboð bárust:

Bjóðandi	Verð með vsk (eins og lesin við opnun)	
ÍAV	546.603.145,-	(103,8%)
ÍAV- frávik	539.603.145,-	(102,5%)
Suðurverk hf.	569.915.195,-	(108,3%)
GT Hreinsun ehf	592.585.000,-	(125,7%)
Hálsafell hf.	733.718.600,-	(139,4%)
LNS Saga ehf	753.264.633,-	(143,1%)
Ístak hf.	780.283.152,-	(148,2%)
Borverk hf.	1.164.114.000,-	(221,1%)
Borverk – frávik	952.364.000,-	(180,9%)
Kostnaðaráætlun	526.424.600,-	(100,0%)

Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda eftir staðfesta yfirferð.

[Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'S.S.', 'RTH', 'bi.hj.', 'Kak', 'L.A.S. srb.', and 'Kak']

5. Fundargerð eigendafundar og bókun stjórnar SSH

Lagt fram til kynningar fundargerð af fundi eigenda og stjórnar þann 5. september sl. og bókun stjórnar SSH um málefni endurvinnslustöðvanna frá sama degi.

6. Næsti fundur

Næsti fundur stjórnar verður föstudaginn 14.10.16, kl.12.30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan 9.15.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir

Stalldór Auðvarr Svansson
Guðm. S.
Sjónel Guðhel
Rósbörn S.
Kolbrún G. Þorsteinsd.
Þjónni Tólf
Björn H. Guðsson
Bjarni Herdís
Svein.